

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:

Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur (50%)

ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ábyrgðir (25%), ágríp úr réttarfari (25%).

Prófdagur:

31. október 2015

Kl.: 9:00 til 13:00

Próftími alls:

4 klst.

Prófblöð 4
vegna þessa
hluta
prófsins þmt.
forsíða):

Leyfileg hjálpargögn:

Lög og reglugerðir

Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Raunhæft verkefni (17,5%)

Í dómi *Hæstaréttar 4. júní 2015 í málinu nr. 475/2014* var deilt um skýringu á ákvæði í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, þar sem mælt var svo fyrir að ef að selja ætti *fiskiskip*, sem hefði leyfi til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem hefði heimilisfesti í öðru sveitarfélagi en seljandi, ætti sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Að baki ákvæðinu búa sjónarmið um atvinnu og vernd byggðarlaga.

Nánar tiltekið var deilt um hvort ákvæðið tæki einnig til þess þegar selja ætti félag *utan um* rekstur fiskiskips, þ.e. *hlutaféð* sem slíkt, til útgerðar í öðru sveitarfélagi, sem gæti síðan í framhaldi gert skipið út þaðan. Í forsendum dóms Hæstaréttar sagði:

„Skýring á orðinu fiskiskip í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 getur hér engum vafa valdið. Kaupsamningur áfrýjenda sem mál þetta varðar var ekki gerður um fiskiskip, heldur öll hlutabréf í Bergi-Hugin ehf. Forkaupsrétturinn, sem veittur er með þessu lagaákvæði, horfir til takmörkunar á friðhelgi eignarréttar sem varin er af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Girðir það þegar fyrir að ákvæðinu verði gefin rýmri merking með skýringu en felst í bókstaflegum skilningi orða þess.“

Af niðurstöðunni leiddi að sveitarfélagið gat ekki neytt forkaupsréttar.

Lýsið með ykkar eigin orðum þeim *lögskýringarleiðum* sem Hæstiréttur virðist líta til í rökstuðningi sínum. Veltið jafnframt fyrir ykkur þeim *lögskýringarsjónarmiðum* og *-kenningum* sem geta hafa ráðið niðurstöðunni og hvaða lögskýringarsjónarmið og -kenningar hefðu mögulega getað mælt með gagnstæðri niðurstöðu.

Það athugast að úrlausn verkefnisins krefst ekki sérstakrar þekkingar á tilvitnuðu hæstaréttarmáli sem slíku.

2. Ritgerð (18,5%)

Svarið annað hvort spurningu A eða B.

- A) Gerið í stuttu máli grein fyrir helstu reglum og sjónarmiðum um afstöðu EES-réttar gagnvart landsrétti, einkum beinum réttaráhrifum og forgangssjónarmiðum. Fjallið jafnframt um þann greinarmun sem er á EES-rétti og ESB-rétti í þessu tilliti.
- B) Lýsið helstu réttarheimildum íslensks réttar, þ.á m. innbyrðis rétthæð og sjónarmiðum þar að baki.

3. Tengingar (4,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1%.
- (ii) Dregið er frá 0,33% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn valmöguleiki í hverri tengingu er réttur.

Framsál lagasetningarvalds	Stjórnvaldsfyrirmæli, þ.á m. reglugerðir
Meginreglur laga	Lex specialis
Bókun 35	Lögskýringarsjónarmið
Stjórnarskrá	Lex superior

4. Krossar (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Reglan um þrískiptingu ríkisvalds er talin standa því í vegi að íslenskum rétti að dómstólar geti lagt mat á hvort almenn lög teljist andstæð stjórnarskrá.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Allir handhafar ríkisvalds eru bundnir af stjórnsýslulögum við meðferð opinbers valds.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

3. Greinarmunur er á beinum réttaráhrifum reglugerða og tilskipana að landsrétti ESB-ríkja, ólíkt EES-rétti.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

4. Af tvíeðliskenningunni leiðir að hafi reglur þjóðréttarsamnings ekki verið lögfestar að íslenskum rétti teljast þær að vettugi virðandi, þ.á m. við lögskýringu.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

5. Settur réttur gengur fram öðrum réttarheimildum, án undantekninga.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

6. Ef í dómi segir að „skýra verði lagaákvæði með hliðsjón af venju“, þá bendir slíkt fremur til þess að venja sé lögskýringarsjónarmið fremur en sú réttarheimild sem niðurstaða er reist á.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Erlend dómafordæmi geta haft þýðingu, a.m.k. til hliðsjónar, við lögskýringu íslenskra laga.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Áhersla á textaskýringu, en þó þannig að ekki sé horft fram hjá vilja löggjafans, er bersýnilega í anda hlutrænna lögskýringarkenninga.

☐ Rétt

☐ Rangt

9. Dómstólar geta hafnað löggjöfnun með vísan til sjónarmiða um gagnályktun.

☐ Rétt

☐ Rangt

10. Réttarheimildaleg staða EES-réttar að íslenskum rétti er í meginatriðum í samræmi við hefðbundin sjónarmið um tengsl landsréttar og þjóðaréttar að íslenskum rétti.

☐ Rétt

☐ Rangt